

# Hátíðarræða Ragnars Þórs Ingólfssonar, formanns VR, á útifundi á Ingólfstorgi 1. maí 2018

Ég vil byrja á því að óska okkur öllum innilega til hamingju með alþjóðlegan baráttudag verkalýðsins en í dag er eins og allir vita 1. maí 2018.

Það þýðir að það eru 10 ár frá hruni. 10 ár og enn er verið að bera fólk útaf heimilum sínum. 10 ár og bilið á milli þeirra ríku og fátæku hefur aldrei verið meira. 10 ár í okurvöxtum og verðtryggingu. 10 ár og landinu er enn stjórnað af fjármálakerfinu og ríkasta minnihluta þjóðarinnar.

Styrkur samfélagsins er mældur í stöðu okkar veikustu bræðra og systra. Velmegun og góðæri er mælt í stöðu þeirra sem höllustum fæti standa í íslensku samfélagi. Og það er skemmst frá því að segja að við höfum brugðist. Við höfum brugðist sem samfélag á svo ótrúlega mörgum stöðum. Hér er ekkert góðæri. Er það góðæri að hafa ekki efni á að veikjast eða kaupa lyf? Er það góðæri að búa ekki við húsnæðisöryggi? Er það góðæri að ná ekki endum saman? Blekkingarleikurinn um góðæri og fordómalausán kaupmátt verður að stoppa. Hættum að mæla kaupmátt í prósentum þar sem aðeins hálf sagan er sögð. Hvernig geta tveir einstaklingar, annar með 300 þúsund en hinn með 3 milljónir í laun á mánuði verið með sömu kaupmáttaraukningu ef þeir hækka um 5% í launum? Annar fær 15 þúsund en hinn 150 þúsund. En þeir hafa fengið sömu kaupmáttaraukningu. Hvers konar vitleysu er verið að bera á borð fyrir launafólk á Íslandi. Á meðan lægstu taxtar hækka um rúmar 9.000 kr. og barna- og húsnæðisbætur lækka eða þurrkast út samhliða því, hækkar húsaleiga um tugi þúsunda á mánuði á 12 mánaða fresti. Hver er kaupmáttaraukning þessa fólks?

Við fáum skelfilegar sögur fólks á leigumarkaði. Þar sem leigufélögin veigra sér ekki við að hækka leigu um tugi þúsunda á einu bretti vitandi að fólk þetta getur ekki annað en samþykkt annars lendir það á götunni! Í þessum hópi er sama fólk þetta og var borið út af heimilum sínum vegna framgöngu fjármálafyrirtækjanna í hruginu og eru nú undir hælum á leigufélögum sem svífast einskis. Þetta er ekkert annað en fjárkúgun! Við lýsum hér með yfir stríði á hendur þeirra leigufélaga sem stundað hafa kerfisbundna og viðbjóðslega fjárkúgun á hendur félögum okkar í skjóli skelfilegrar stöðu á húsnæðismarkaði. Það er útilokað fyrir stækkandi hóp í okkar samfélagi að lifa á dagvinnukaupi og þurfa sífellt fleiri að vinna tvær til þrjár vinnur. Rannsóknir okkar sýna að millitekjuhóparnir eru varla að ná endum saman og hafa verið skildir eftir líka. Það eru vissulega einhverjir sem hafa það gott og hafa svo sannarlega fengið aukinn kaupmátt en að halda því fram að það nái yfir alla línuna er siðlaus blekkingarleikur. Af hverju eigum við að berjast fyrir þá sem minna mega sín ef við búum við öryggi sjálf? Af hverju eigum við að berjast fyrir heilbrigðum leigumarkaði ef við búum í eigin húsnæði?

Af hverju eigum við að berjast gegn okurvöxtum og verðtryggingu ef við erum skuldlaus?

Afhverju eigum við að beita okkur sérstaklega fyrir bættum kjörum þeirra lægst settu og millitekjuhópa ef við semjum um launin okkar sjálf? Svarið er að þó við teljum okkur hafa það gott í dag getur það breyst á einu augnabliki. Við erum þremur launaseðlum, þremur afborgunum og alvarlegum veikindum frá sárri fátækt. Ef við njótum þeirra forréttinda að búa við fjárhagslegt öryggi og húsnæðisöryggi er ekkert sem bendir til þess að börnin okkar og afkomendur þeirra muni njóta sömu tækifæra og við, alveg sama hvort þau mennti sig eða ekki.

Þess vegna er svo mikilvægt að við stöndum öll saman um að þetta öryggisnetið. Markmiðið er skýrt. Að geta lifað mannsæmandi lífi fyrir dagvinnulaun og hafa öruggt þak yfir höfuðið. Þetta er ekki bara kjaramál. Þetta er lýðheilsu- og mannréttindamál. Við höfum hingað til verið alin á uppgjöf og aumingjaskap af þeim sem segjast hafa hagsmuni okkar að leiðarljósi. Sömu aðilar og hrósa þeim mikla árangri sem náðst hefur undanfarin ár. Verkalýðsförystan hefur brugðist á svo margvíslegan hátt á síðustu árum og áratugum. Það versta er kannski það hvernig henni tókst að breiða sængina upp fyrir haus þegar harðast var sótt að fólki í eftirmálum hrunsins. Og hvernig stjórnvöld hafa kerfisbundið tekið til sín kaupmáttarkrónur í gegnum skattkerfið og tekjutengingu bóta. Nú verður breyting þar á. Undanfarið hefur átt sér stað mikil endurnýjun og nýliðun innan okkar raða og ljóst að miklar væntingar eru hjá okkar félagsmönnum. Það verður mikil áskorun að standa undir þeim væntingum. Baráttan sem við stöndum frammi fyrir mun standa og falla með fólkinu. Ekki hvort einhverjir verkalýðsforingjar geti úðað í sig vöflum með rjóma út á kinnar í góðri sátt um hvaða brauðmolahagfræði virkar best þann daginn. Við erum sterkari saman. Það er rétt! En við verðum aldrei sterkari en fólkið sem er tilbúið að fylgja okkur í þá vegferð sem framundan er.

Við höfum verið að hittast fjórmenningarnir úr VR, Eflingu, Verkalýðsfélags Akraness og Framsýn á Húsavík. Ég var beðin um að skila fundinum baráttukveðjum frá Sólveigu, Villa og Aðalsteini. Við höfum einnig verið að tala við fleiri úr okkar röðum og get ég sagt ykkur það að baráttuandinn er góður og samstaðan er mikil. Ég vil taka það sérstaklega fram að sammingsumboðið er hjá okkur félögunum og talar forseti ASÍ ekki í umboði okkar. Hvorki gagnvart stjórnvöldum né samtökum atvinnulífsins. Ég get sagt ykkur það kæru félagar að það eru breytingar framundan. Ný ásjón hreyfingar með nýju fólki og nýjum áherslum. Hreyfing sem ætlar að standa í lappirnar. Við boðum baráttu sem hefur ekki sést í íslenskri verkalýðshreyfingu í áratugi! Við munum berjast fyrir kerfisbreytingum! Við erum að tala um baráttu gegn verðtryggingu og lækkun vaxta, breytingar á skattkerfinu með áherslu á hækkun persónuafsláttar, regluverk til verndar leigjendum. Við viljum lög á viðbjóðslega okurlánastarfsemi smálánafyrirtækjanna sem beina kröftum sínum kerfisbundið að þeim sem höllustum fæti standa í okkar samfélagi. Heilbrigðiskerfið og húsnæðismarkaðurinn! Það verður ekkert skilið eftir í okkar baráttu sem skiptir ykkur máli. Ykkar áherslur verða okkar baráttumál. Við erum að tala um krónutöluhækkun og við erum að tala um breytingar á lífeyrissjóðakerfinu. Við viljum að lífeyrissjóðirnir komi að innviðaupbyggingu á húsnæðismarkaðnum og að við getum notað hluta iðgjalda til að greiða inn á lánin okkar. Við ætlum að teikna upp samfélagssáttmála til þriggja eða fjögura ára sem við ætlum að bjóða stjórnvöldum og atvinnulífinu sem hafa stigið trylltasta dansinn í sjálftöku og ofurlaunum. Við ætlum að bjóða sátt. En sú sátt fæst ekki gefins eða með nýju samningamódeli. Sú sátt mun kosta sitt en á endanum mun hún skila langþráðu trausti á kerfin okkar.

Já, kæru félagar við erum að tala um mörg brýn hagsmunamál þjóðarinnar sem ekki hefur verið leyfilegt að tala um innan verkalýðshreyfingarinnar fyrr en nú. Hvernig ætlum við að ná þessu fram? Verða allsherjarverkföll á næsta ári? Nei, við ætlum ekki í allsherjarverkföll. Allsherjarverkföll eru úreld. Við myndum klára sjóðina okkar á nokkrum dögum eða vikum ef við gerðum það. En hvað ætlum við þá að gera? Við getum farið í verkfallsskærur. Við getum sent smærri hópa í verkföll á fullum launum og við munum gera það þar sem það bítur mest. Við getum gert það og haldið því úti fyrir fjármagnstekjur af sjóðunum okkar. Það þarf að loka stofnunum ef þær eru ekki ræstar í þrjá daga. Það er hægt að loka uppskipun með því einu að senda nokkra tugi manns í frí. Það eru fleiri en flugmenn og flugvirkjar sem geta lamað hér flugsamgöngur.

Okkur er alvara og það er komin tími á að stjórnvöld og viðsemjendur okkar fari að taka okkur alvarlega ef ekki á illa að fara. Ef við verðum ekki farin að sjá til sólar um næstu áramót um mikilvægar kerfisbreytingarnar munum við hefja aðgerðir. Við ætlum ekki að bíða fram á næsta vor. Ég kalla eftir samstöðu ykkar með okkur. Ég kalla eftir því að við sem þjóð stöndum í lappirnar með þeim málum sem við munum leggja fram og fylgi okkur alla leið í þeirri baráttu. Við erum ekkert án ykkar en getum allt með ykkur. Við viljum, getum og ætlum!

Gleðilega hátíð.